

**Þingsályktun**

**um nýtingu ríkissjóðs á hluta af Seðlabankabyggingu fyrir Stjórnarráð Íslands.**

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar viðræður við Seðlabanka Íslands með það að markmiði að verulegur hluti af nýbyggingu Seðlabanka Íslands við Ingólfsstræti verði nýttur í þágu Stjórnarráðs Íslands.

*Samþykkt á Alþingi 20. júní 1985.*